
Ofanflóðavarnir á Patreksfirði, Vesturbyggð

Urðargata, Hólar og Mýrar

Ákvörðun um matsáætlun

1 INNGANGUR

Þann 7. september 2017 barst Skipulagsstofnun tillaga Vesturbyggðar að matsáætlun vegna fyrirhugaðra ofanflóðavarna á Patreksfirði í Vesturbyggð, Urðargata, Hólar og Mýrar, samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Vesturbyggðar, Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða, Landgræðslu ríkisins, Minjastofnunar Íslands, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og Veðurstofu Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Ofanflóðavarnir á Patreksfirði, Vesturbyggð. Urðargata, Hólar og Mýrar. Tillaga að matsáætlun. VSÓ Ráðgjöf, september 2017.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Vesturbyggð með tölvupósti dags. 18. október 2017.
- Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 29. september 2017.
- Landgræðslu ríkisins með bréfi dags. 22. september 2017.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 22. september 2017.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 22. september 2017.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 22. september 2017.
- Veðurstofu Íslands með bréfi dags. 18. september 2017.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 26. og 28. september, 6. október og 18. desember 2017.

3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

Meningarminjar

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fornleifar á svæðinu verði kortlagðar.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að ef fornleifar finnast þurfi að skrá þær, mæla upp og færa inn á loftmynd/kort ásamt útlínum fyrirhugaðra mannvirkja. Í frummatsskýrslu þurfi að gera grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar innan svæðisins og mótvægisáðgerðum sem gripið verði til vegna þeirra.



Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir menningarminjum á uppdrætti eða loftmynd. Sýna þarf útlínur nýrra mannvirkja og minja. Þar þarf jafnframt að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á menningarminjar. Gera þarf grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum vegna menningarminja.

Ásýnd

Í kafla 7.2 í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir ásýnd svæðisins og að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir því með hvaða hætti landmótun muni breyta ásýnd svæðisins. Af tillögunni er ekki ljóst hvaða gögn verða lögð fram í þessum tilgangi.

Í frummatsskýrslu þarf að sýna á myndum hvernig ásýnd lands breytist með tilkomu varnargarðanna. Lagt er til að það verði gert með fyrir/eftir ljósmyndapörum. Við staðarval mynda er brýnt að gerð verði grein fyrir ásýnd hjá þeim íbúðarhúsum sem koma til með að standa næst gördunum.

Efnistaka og haugsetning

Í kafla 4.1 í tillögu að matsáætlun kemur fram að heildarrúmmál garðanna verði um 170.000 m³ en að haugsetja þurfi um 290.000 m³ efnis sem sem gert sé ráð fyrir að verði nýtt í aðra varnargarða síðar.

Í umsögn Umhverfisstofnunar er bent á gera þurfi grein fyrir hvar umframefni verði haugsett þar sem um sé að ræða nokkuð mikið magn sem gæti verið geymt um talsverðan tíma.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim stöðum sem til greina koma vegna efnistöku og haugsetningar. Gera þarf grein fyrir umfangi og umhverfisáhrifum á hverjum stað.

Gróður

Í kafla 7.4 í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði úttekt á gróðurfari á framkvæmdasvæði.

Í umsögn Landgræðslu ríkisins kemur fram að verði gróðurlendi raskað við framkvæmdirnar þurfi að fjalla um mótvægisáðgerðir vegna þess. Við skipulagningu mótvægisáðgerða er vert að skoða möguleika á nýtingu svarðlags sem til fellur innan framkvæmdasvæða við frágang svæða og aðra uppgræðslu. Það fellur vel að markmiðum verkefnisins um notkun á staðargróðri við uppgræðslu varnarmannvirkjana. Þá þarf að vinna áætlun um mögulega eftirfylgni og eftirlit með framvindu gróðurs eftir að framkvæmdum líkur. Mögulega þarf að fylgja endurheimtinni lengur eftir en í tvö ár, líkt og gert er ráð fyrir í tillögu að matsáætlun.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir umfangi rasks og gerð gróðurlenda á svæðum sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Gera þarf grein fyrir mótvægisáðgerðum bæði vegna röskunar á votlendi og þurrlandisgróðri.

Vistgerðir

Í tillögu að matsáætlun kemur fram undir liðnum vistgerðir í töflu 7.5 að gerð verði úttekt á gróðurfari og fuglalífi á framkvæmdasvæði.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim vistgerðum sem er að finna á framkvæmdasvæðinu skv. vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands, mikilvægi þeirra og verndargildi og leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á þær.

Jarðsig - Grunnvatn

Í umsögn Vesturbyggðar kemur fram að kanna þurfi hvort að hætta sé á jarðsigi á lóðum nærliggjandi húsa með tilkomu garðanna.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir mögulegri hættu á jarðsigi vegna framkvæmda og vöktun í tengslum við hana. Fyrirhugað sé að hafa eftirlit með grunnvatni við fyrirhugaða varnargarða neðan við Mýrar og Urðargötu sem myndi hefjast tveimur árum fyrir framkvæmdir. Grundun húsa á svæðinu verði skráð í samvinnu við Vesturbyggð og í kjölfarið verður metið hvort endurskoða þurfi núverandi tillögu að staðsetningu grunnvatnshola.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegri hættu á jarðsigi vegna framkvæmda og vöktun í tengslum við hana. Hvernig eftirliti með grunnvatni við fyrirhugaða varnargarða neðan við Mýrar og Urðargötu á Patreksfirði verður háttáð sem og skráningu á grundun húsa.

Ónæði og hljóðvist

Í kafla 7.4 í tillögu að matsáætlun kemur fram að gerð verði grein fyrir hljóðvist með rannsóknum á fjölda þungra bíla að vinnusvæði, líkangerð og hljóðkorti.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða kemur fram að framkvæmdasvæðið sé nærri íbúðarbyggð. Því þurfi að gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum í frummatsskýrslu, t.d. takmörkunum á vinnutíma og hvernig öryggi íbúa verði tryggt ef þurfi að sprengja á framkvæmdatíma.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig ákvæði reglugerðar um hávaða verða uppfyllt og jafnframt að gera grein fyrir helstu mótvægisáðgerðum vegna hávaða og ónæðis s.s. með tímatakörkunum á framkvæmdum. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvernig staðið verði að sprengingum sé þeirra þörf.

Vöktun

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið, eftir því sem við á.

4 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vesturbyggðar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að sýna á myndum hvernig ásýnd lands breytist með tilkomu varnargarðanna. Lagt er til að það verði gert með fyrir/eftir ljósmyndapörum. Við staðarval mynda er brýnt að gerð verði grein fyrir ásýnd hjá þeim íbúðarhúsum sem koma til með að standa næst görðunum.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir menningarminum á uppdrætti eða loftmynd. Sýna þarf útlínur nýrra mannvirkja og minja. Þar þarf jafnframt að leggja mat á áhrif framkvæmdanna á menningarminjar. Gera þarf grein fyrir mögulegum mótvægisáðgerðum vegna menningarminja.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegum efnistöku- og haugsetningarsvæðum. Gera þarf grein fyrir umfangi þeirra og umhverfisáhrifum á hverju svæði.
4. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir umfangi rasks og gerð gróðurlenda á svæðum sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdanna. Gera þarf grein fyrir mótvægisáðgerðum bæði vegna röskunar á votlendi og þurrlandisgróðri.
5. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir þeim vistgerðum sem er að finna á framkvæmdasvæðinu skv. vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands, mikilvægi þeirra og verndargildi og leggja mat á áhrif framkvæmdarinnar á þær.



-
6. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir því hvernig ákvæði reglugerðar um hávaða verða uppfyllt og jafnframt að gera grein fyrir helstu mótvægisaðgerðum vegna hávaða og ónæðis s.s. með tímatakörkunum á framkvæmdum. Einnig þarf að gera grein fyrir því hvernig staðið verði að sprengingum sé þeirra þörf.
 7. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir mögulegri hættu á jarðsigi vegna framkvæmda og vöktun í tengslum við hana. Hvernig eftirliti með grunnvatni við fyrirhugaða varnargarða neðan við Mýrar og Urðargötu á Patreksfirði verður háttað sem og skráningu á grundun húsa.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Reykjavík, 27. desember 2017

Jakob Gunnarsson

Sigurður Ásbjörnsson